

EFTIRLITSSKÝRSLA

Kratús ehf Hvalfjörður



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	9.11.2017	Ábyrgðarmaður eftirlits	Einar Halldórsson
Fyrirtæki	Kratús ehf	Eftirlitsmaður	Halla Einarsdóttir
Heimili	Klafastaðavegi 4	Tegund eftirlits	Reglubundið seinna eftirlit
Kennitala	4307002270	Flokkur	Verksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Brynja Silness	ÍSAT nr.	3832
Fulltrúi fyrirtækis	Haraldur Thorlacius	Staðsetning	64,355088 -21,788370

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í seinna reglubundna eftirlit ársins hjá Kratusi ehf. Fram komu þrjú frávik frá starfsleyfi og auk þess er gerð ein athugasemd.

UMFANG EFTIRLITS

Staða frávik:

-Frávik frá grein 2.14 er varðar geymslu á saltkoku. Í síðasta eftirliti þann 6. júlí sl. var gert ráð fyrir að öll saltkaka sem væri geymd á verksmiðjusvæðinu yrði flutt út fyrir 15. ágúst en beðið var eftir sérsníðuðum gámum sem var skilyrði frá þýskum móttökuaðila. Staðan er nú óbreytt en gámarnir eru komnir og búið að fylla 8 af þeim 10 sem eru á svæðinu. Að sögn rekstraraðila eru nú um 2000 tonn á verksmiðjusvæðinu og 1200-1500 tonn í geymslu að Vogatungu. Það efni sem er geymt í Vogatungu þarf þá að setja í poka og að sögn rekstraraðila verður ekki hægt að fara í þá vinnu fyrr en í mars. Frávikið er í eftirfylgni hjá stofnuninni.

-Frávik frá grein 2.5 í starfsleyfi er varðar hámarkslosun í útblæstri. Magn HF og CL2 í útblæstri mældist of hátt. Í mælingum á vegum Umhverfisstofnunar sem var hluti af sýnatökuáætlun stofnunarinnar mældist vetnisflúoríð (HF) undir losunarmörkum. Mælingaraðili hefur nú komið aftur á þessu ári sem partur af innri mæliáætlun fyrirtækisins og bíður stofnunin eftir niðurstöðum úr þeim mælingum. Að sögn rekstraraðila mældist klór of hátt vegna uppsöfnun salts í reykhreinsivirkinu sem nú hefur verið hreinsað.

-Frávik frá grein 2.3 í starfsleyfi og reglugerð 35/1994 varðandi olíugeyma með engri árekstravörn og ófullnægjandi lekavörn. Búið er að grafa niður aðra tanka og tilheyrandi lekavörn. Jafnframt er búið að tengja dælu og gera viðeigandi prófanir ásamt því að fjarlægja gömlu tankana.

-Frávik er varðar óafgirta lóð er enn ófullnægt en frekari tafir hafa orðið á framkvæmdum á svæðinu. Ráðgert er að girðing verði sett upp fyrir jól en steypa þarf sökkla til að setja upp girðinguna. Tafir urðu einnig vegna vinnu við að koma úrgangi úr verksmiðjunni. Frávikið er í eftirfylgni hjá stofnuninni.

-Frávik frá grein 2.13, fínryki hefur ekki verið skilað til viðeigandi spillenamatöktu og er því safnað upp í gámum á lóðinni. Umhverfisstofnun samþykkti úrbótaáætlun þann 14. Júní 2016 þar sem frestað var álagningu dagsekta til 1. desember 2017 er varðar þetta frávik ásamt fráviki frá grein 2.15. Fullnægjandi úrbætur fela í sér að öllum uppsöfnuðum birgðum af fínryki og síuruki hafi verið ráðstafað á viðurkenndan hátt.

-Frávik frá grein 2.15 er varðar útflutning á síuruki og varanlega geymslu þess. Rekstraraðili skammtar nú síuruki inn á ofna til endurbræðslu og hyggst þannig vinna niður birgðir. Frávikið er hluti af samþykktri úrbótaáætlun frá 14. júní 2016.

2.2 - Móttaka hráefna

Kratús tekur við efni frá tveimur álverum hér á landi og er álinnihald á milli 20-70%. Skráð er hversu mikið gjall er móttekið og hve mikið er unnið úr því. Vigtun fer fyrst fram hjá álverunum og svo aftur áður en það er sett inn í ofninn. Afurðin sjálf er svo vigtuð ásamt saltkoku sem fellur til við ferlið. Öryggisblöð um hráefnið eru til staðar í flutningabílum og í stjórnstöð. Verið er að setja upp nýtt tölvukerfi sem mun halda betur utan um allar skráningar.

2.12 -Síuryk og PCDD/PCDF(díoxín og fúran) í síuryki

Síuryk sem safnast fyrir er skammtað aftur inn í ofn en pokar eru á svæðinu sem hafa safnast upp. Starfsleyfi heimilar geymslu að hámarki því sem nemur þriggja mánaða framleiðslu á svæðinu. Samkvæmt rekstraraðila hefur díoxín ekki verið að mælast í háum styrk að undanfögnu í síurykinu.

2.13 - Spilliefni og fínt ryk úr algjallinu

Meðal þeirra spilliefna sem finna má á verksmiðjusvæðinu er olíuúrgangur í úrgangstanki og rafhlöður

sem geymt er í körum. Frávik vegna ryks úr álgjallinu sem oftast er nefnt fínryk/álryk er sem áður segir í eftirfylgni hjá stofnuninni.

2.14 - Gjallsandur(saltkaka)

Saltkaka myndast í endurvinnslu álgjalls (nefnt gjallsandur í starfsleyfi). Saltkaka er skilgreind sem spilliefni þar sem hætta er á að það myndi eldfimt gas í hættulegu magni í snertingu við vatn. Eins og áður greinir er frávik er varðar geymslu þess í eftirfylgni hjá stofnuninni. Umhverfisstofnun hafði borist ábending vegna ammoníakslyktar frá flæðigryfju Norðuráls í september vegna flutning á gjallsandi þangað. Verklag er þannig að farið er með ca. 22 tonn í hverri ferð og losað í flæðigryfjuna og þar á eftir er farið með beltagröfu og dreift úr. Í þessu tilviki hafði beltagrafan ekki verið tilbúin nógu fljótt og því hafi komið ammoníakslykt úr haugnum í kjölfarið.

2.17 - Öryggisblöð og efnanotkun

Rætt var um efnanotkun á svæðinu og öryggisblöð. Ofn verksmiðjunnar keyrir á olíu og gasi. Ofninn keyrir mest á súrefni, um 92% á móti 8% af díselolíu en fer eftir því hversu hátt login er keyrður. Própan er notað til að gangsetja ofninn. Margir verktakar eru í svæðinu og eru öryggisblöð í bílum hjá þeim sem færa til efni.

3.1 - Eftirlitsmælingar

Rætt var um ákvæði í grein 3.1. Rekstraraðili var minntur á þær mælingar sem gera skal á hverju ári og að þrýstiprófanir á lögnum á að gera á næsta ári en þar er m.v. fimmta hvert ár. Rætt var um ammoníaksmælingar en stofnunin telur að rétt sé að gera mælingar við flæðigryfju ef ammoníakslykt er viðvarandi í hvert skipti sem farið er með gjallsand þangað.

3.2 – Skráningar og 4.1 - Starfshættir

Farið var yfir skráningar í rekstrarhandbók en eftir átti að setja inn ábendingu frá því í sumar þar sem mikið ryk barst frá verksmiðjusvæðinu. Rykið stafaði af mölun saltköku i á lóð verksmiðjunnar þar sem afsog var ekki til staðar. Við mölun saltköku er tekið tillit til veðuraðstæðna til að lágmarka rykmengun. Mölunin hófst í góðu veðri en svo byrjaði að hvesa og f auk þá ryk yfir nærliggjandi svæði. Búið er að laga verkferilinn og fara innar í stjórnhús við mölun.

Önnur mál

Í lok fundar var rætt um undirsíðu Kratusar á heimasíðu stofnunarinnar og gögn sem eru þar undir. Eftirlitsaðili spurði út í nafn Kratusar en verksmiðjan sjálf er undir skiltum Als álvinnslu. Samkvæmt rekstraraðili þá á Alur hf. Kratus en verksmiðjan kallar sig Alur álvinnsla.

Eftirlitsaðili ræddi þá um umhverfisstjórnunarkerfi og kosti þess að taka slíkt kerfi upp.

Skoðunarferð um svæðið

Farið var í skoðunarferð um svæðið og í verksmiðjuna. Skoðað var nýtt stjórnhús sem búið er að steypa upp og verður tekið í notkun á næsta ári en seinkun hefur orðið á framkvæmdum. Því næst var farið í gömlu stjórnstöðina og fylgst með þegar hráefni var sett inn í ofninn. Búið var að steypa undirlag fyrir framan verksmiðjuna en úrgangsolútankur og ker með rafhlöðum stóð á óbundnu slitlagi vegna framkvæmda.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
grein 2.17 - Öryggisblöð og efnanotkun	Við geymslu og meðhöndlun efna skal takmarka mengunarhættu eins og kostur er. Tankur fyrir úrgangsolíu og kar með ónýtum rafhlöðum var geymt á óbundnu slitlagi. Rekstraraðili brást strax við frávikinum og færði tankinn og karið inn í hús.
grein 4.1 - Starfshættir	Rekstraraðili skal stuðla að því að losun mengunarefna frá verksmiðjunni sé eins lítil og hægt er. Mikið ryk barst frá verksmiðjusvæðinu í sumar þegar vinnsla efna fór fram utandyra. Rekstraraðili hefur farið yfir verkferla og vinnsla færð inn þar sem virkt afsog er því verið bætt úr frávikinum
grein 2.14 - Gjallsandur(saltkaka)	Gjallsand skal allan flytja af svæðinu til viðurkennds endurvinnsluaðila og geyma í vel lokuðu geymslurými. Að sögn rekstraraðila er nú um

1200-1500 tonn til geymslu að Vogatungu og um 2000 tonn á verksmiðjувæðinu. Gámar sem innihalda saltköku á lóð verksmiðjunnar hafa orðið fyrir veðrun og því hættu á mengun í jarðveg auk þess sem varanleg geymsla er óheimil.

ATHUGASEMDIR

Gömul klæðning úr ofninum er nú geymd í fiskikörum fyrir utan verksmiðjuna meðan beðið er eftir niðurstöðum úr sýnum. Stofnunin biður um upplýsingar um niðurstöður þegar þær berast og hvernig útflutningsmálum verður háttað.

ANNAÐ

Rekstraraðili bað um samantekt á frávikum sem stofnunin vinnur nú í að taka saman.

Reykjavík, 02.01.2018

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.


Einar Halldórsson